



Reykjavík 5. desember 2018

Efni: Umsögn frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands vegna stofnunar lýðháskóla á Laugarvatni. Þingskjal 30 – 30. mál á 149. löggjafarþingi 2018-2019

Menntavísindasvið fagnar þeirri fyrirætlun Alþingis að fela mennta- og menningarráðherra að skipa starfshóp til að skipuleggja stofnun lýðháskóla á Laugarvatni.

Lýðháskólar

Ekki er mikil hefð fyrir rekstri lýðháskóla á Íslandi og engin löggjöf til um þá þrátt fyrir að lýðháskólar séu starfræktir á Seyðisfirði og Flateyri. Úr þeim löggjafarskorti þarf að bæta því lýðháskólar eru góð viðbót í þá skólaflóru sem fyrir er á Íslandi fyrir ungt fólk á aldrinum 18-25 ára. Í lýðháskólum er unnið út frá öðrum áherslum og markmiðum en viðgengst í hefðbundnum bók- og verknámsskólum. Lýðháskóli er spennandi vettvangur fyrir ungt fólk sem vill taka þátt í reynslumiðuðu óhefðbundnu námi og fyrir ungt fólk sem flosnað hefur upp úr námi og eykur líkur á frekara námi að lýðháskólanámi loknu.

Ljóst er að lýðháskólar verða ekki reknir án fjárframlags frá stjórnvöldum og tryggja þarf að ungt fólk hafi jöfn tækifæri til að sækja slíkt nám. Eðlilegt er að líta til reynslu Dana varðandi framlag frá ríkinu til reksturs lýðháskóla og hafa svipaðan hátt á hér á Íslandi. Einnig er mikilvægt að ef skólagjöld eru til staðar, séu þau námslánahæf hjá LÍN eins og háskólanám og verknám á framhaldsskólastigi er í dag.

Ungmennabúðir

Ungmennabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal hafa verið ómissandi viðbót við menntastarf í landinu. Þær hafa boðið þúsundum nemenda úr 9. bekk upp á þá lífsreynslu að dvelja við leiki og störf úti á landi án síma, sjónvarps og raftækja. Áherslan hefur verið á að skapa óformlega námsreynslu með virkni og þátttöku í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, bæði innan dyra og í náttúrunni. Mikilvægt er að finna starfsemi ungmennabúða varanlegan og nýjan stað.

Staðsetning við Laugarvatn

Staðurinn Laugarvatn er einstaklega vel til þess fallinn að reka lýðháskóla og ungmennabúðir. Þar eru skólahús, íþróttahús, heimavist, mötuneyti, skrifstofuhúsnæði og íþróttavellir auk mikillar nálægðar við náttúru sem gefur mikla útivistarmöguleika s.s. til fjallgöngu, tjaldferðalaga, vatnamennsku og jöklaferða. Veðursæld er mikil á Laugarvatni og sumrin hlý. Samstarf við Ungmennafélag Íslands um rekstur lýðháskóla og ungmennabúðir yrði einnig af hinu góða. Þar á bæ hefur fólk kynnt sér rekstur lýðháskóla vel og er í samstarfsteymi við lýðháskóla í Danmörku. Ungmennafélag Íslands hefur auk þess áratuga reynslu af því að reka skólabúðir fyrir börn á unglingsstigi í grunnskóla.

Námskrá lýðháskóla tæki alltaf mið af möguleikum þess staðar sem hann væri. Á Laugarvatni er kjörin aðstaða til þess að leggja áherslu á íþrótt- og útivistarljóðheilsunám þar sem íþrótt-, útivistar- og heilsuræktaraðstaðan yrði nýtt. Einnig væri mjög auðvelt tengja

námið við ferðamálafræði/ferðamennsku þar sem Laugarvatn er staðsett í miðjum gullna hringnum. Lýðheilsutengd ferðamennska væri nám sem myndi tengja þessa tvo þætti sem sérstaða staðsins Laugarvatns skapar.

Að lokum, Menntavísindasvið fagnar mögulegri stofnun lýðháskóla og starfsemi ungmennabúða á Laugarvatni. Að sama skapi teljum við brýnt að hugað sé að löggjöf um lýðháskóla til að styðja við starfsemi þeirra á Íslandi og festa þá betur í sessi.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir
Forseti / Dean

Háskóli Íslands / University of Iceland
Stakkahlíð 105, Reykjavík
Beinn sími / Direct tel. +354 525 5965
www.mennta.hi.is